




Fjárlaganefnd
Nefndarsvið Alþingis
V/Austurvöll

Reykjavík 24. nóvember 2023


Umsögn um fjárlagafrumvarp ársins 2024

Geðheilbrigðismál staðan

Landssamtökin Geðhjálp vilja byrja á því að benda á nokkrar staðreyndir sem einskonar formála að umsögn samtakanna um fjárlagafrumvarpið 2023. Fyrst viljum við benda á gögn frá Rannsóknnum & greiningu sem taka til geðheilsu barna í efstu bekkjum grunnskóla. Í þessu samhengi má benda á það að í geðheilbrigðisáætlun fyrir 2016 til 2020 var markmið að hlutfall barna sem mæti andlega heilsu sína sem góða eða mjög góða ætti að fara úr 81% í 90%.




Mynd 1 - andleg heilsa í 8. til 10. bekk




Mynd 2 - ánægja með líf 10. bekkur

Þegar tölfræði er skoðuð yfir notkun geðlyfja á Íslandi yfir 10 ára tímabil, í aldurshópnum 6 til 17 ára annars vegar og 18 til 44 ára hins vegar, koma áhugaverðar og um margt sláandi niðurstöður í ljós.


Tölurnar eru fengnar í lyfjagagnagrunni landlæknisembættisins og sýna fjölda einstaklinga með skráðar lyfjaafgreiðslur á hverja 1.000 íbúa. Þegar hlutfalli er breytt í fjölda einstaklinga er notast við upplýsingar um mannfjölda sem tekin var saman af Hagstofunni og er miðað 1. desember 2022.




Mynd 3 - þunglyndislyfjanotkun barna




Mynd 4 - þunglyndislyfjanotkun 18 til 44 ára




Mynd 5 - ADHD lyfjanotkun barna



Mynd 6 - ADHD lyfja notkun 18 til 44 ára



Mynd 7 - svefn- og róandilyfjanotkun barna



Mynd 8 - orsakir dauðsfalla 18 til 29 ára

Þessar tölur eru eins og áður sagði settar fram til þess að styðja þær ábendingar sem landssamtökin Geðhjálpar gera við fjárlagafrumvarp ársins 2024.

Ósk um föst framlög eða fastan samning til 3 til 5 ára

Landssamtökin Geðhjálpar reka starfsemi samtakanna að stórum hluta með sjálfsaflarfé. Hlutfall rekstrar sem greitt er fyrir með opinberum styrkjum er um 10-20%. Framlög hins opinbera til Geðhjálpar hafa til þessa farið í gegnum styrkjakerfi ráðuneyta heilbrigðis- og félagsmála. Samtökin hafa þurft að bíða til febrúar ár hvert til þess að vita hvort og þá hve mikið styrkupp hæð komandi árs er mikil. Það segir sig sjálft að óhagræðið er mikið fyrir Geðhjálpar að vita ekki opinber framlög fyrr en að árið er hafið. Þess ber að geta að sú þjónusta og sú hagsmunagæsla sem samtökin veita er talsvert viðamikil og því væri eðlilegast að Geðhjálpar yrði sett á fjárlög eða gerður yrði samningur við samtökin til lengri tíma.

Landssamtökin Geðhjálpar óska eftir því að samtökin verði sett á fjárlög þannig að tryggja megi betri samfellu í rekstri samtakanna.

Styrktarsjóður geðheilbrigðis

Á aðalfundi landssamtakanna Geðhjálpar þann 8. maí 2021 var skipulagsskrá „Styrktarsjóðs geðheilbrigðis“ samþykkt. Tilgangur sjóðsins er að stuðla að framförum í geðheilbrigðismálum með því að veita styrki til verkefna sem geta bætt geðheilbrigði landsmanna og skilning á málaflokknum. Þriggja manna stjórn á að stýra sjóðnum og fimm manna fagræð fjallar um umsóknir. Sjóðurinn er sjálfstæður og verður með öllu aðskilinn öðrum rekstri Geðhjálpar. Landssamtökin Geðhjálpar eru stofnaðili sjóðsins og lögðu til 180 m.kr. stofnframlag jafnframt því sem samtökin hafa lagt sjóðnum til 40 m.kr. af

sjálfsaflarfé til úthlutana. Frá því að úthlutað var fyrst úr sjóðnum haustið 2021 hafa samtals 36 verkefni hlotið styrk. Geðhjálp ítrekar ósk samtakanna þess efnis að ríkið gerist stofnaðili sjóðsins með sama framlag og Geðhjálp hefur lagt honum til. Geðhjálp mun áfram leggja sjóðnum til ákveðið hlutfall af rekstrarafgangi samtakanna miðað við rekstrarumhverfi hverju sinni.

Landssamtökin Geðhjálp fara þess á leit við Alþingi Íslands að 150 m.kr. stofnframlag í Styrktarsjóð geðheilbrigðis verði heimilað á fjárlögum ársins 2024. Með því aukast líkurnar á því að markmið hans að stuðla að framförum í geðheilbrigðismálum nái fram að ganga. Um er að ræða einskiptisaðgerð.

Fjársveldi

Það verður ekki horft fram hjá þeirri staðreynd að um langt árabíl hafa geðheilbrigðismál verið undirfjármögnuð á Íslandi. Umfang málaflokksins innan heilbrigðiskerfisins er áætlað um 30% en fjármagnið sem veitt er til hans er á sama tíma áætlað í kringum 5% af heildarfjármagni sem rennur til heilbrigðismála. Þegar búið er við slíka undirfjármögnun í ár og jafnvel áratugi er ljóst að eitthvað láti undan.

Samantektin hér á undan bendir til þess að við séum á rangri leið og alveg ljóst að vanfjármögnun geðheilbrigðiskerfisins er ekki svarið.

Aðgerðaráætlun í geðheilbrigðismálum

Rétt fyrir þinglok vorþings 2023 var þingsályktunartillaga heilbrigðisráðherra um aðgerðaráætlun í geðheilbrigðismálum til ársins 2027 samþykkt einróma með öllum greiddum atkvæðum þingmanna. Var aðgerðaráætlunin afrakstur vinnu sem hófst þegar stefna í geðheilbrigðismálum til 2030 var samþykkt vorið 2022. Kostnaðargreining gerði ráð fyrir að kostnaður vegna aðgerðaráætlunarinnar yrði í kringum 6 milljarða króna. Í fjárlagafrumvarpinu er ekki gert fyrir framlagi til þessarar aðgerðaáætlunar. Það verða að teljast mikil vonbrigði en kemur kannski ekki á óvart miðað við síðustu aðgerðaráætlun í geðheilbrigðismálum sem var nær algjörlega ófjármögnuð þann tíma sem hún var í gildi.

Geðhjálp skorar á Alþingi Íslendinga að tryggja að aðgerðaráætlun sem þingið sjálf samþykkti fyrir örfáum mánuðum verði ekki ófjármögnuð í fjárlögum ársins 2024.

Lokaorð

Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2024 verður því að óbreyttu að teljast nokkur vonbrigði þegar horft er til geðheilbrigðismála. Í einfaldri orðaleit þá má sjá að geðheilbrigði kemur fyrir alls átta sinnum í frumvarpinu þrátt fyrir að fyrir liggi stefna í geðheilbrigðismálum og nýsamþykkt aðgerðaráætlun í málaflöknum. Covid faraldurinn, stríð og blikur í heimsmálunum, horfur í efnahagsmálum auk

stöðunnar vegna jarðhræringa á Reykjanesi eru streituvaldar sem eru farnir að hafa áhrif á geðheilsu almennings og munu hafa það áfram næstu misseri og ár. Það er mikilvægt að stjórnvöld horfi til framtíðar í þessum efnum í stað þess að bregðast við eftir nokkur ár þegar afleiðingarnar skella á af fullum þunga. Skortur á framtíðarsýn í gegnum tíðina má t.d. sjá á þegar ríkið þarf að greiða bætur vegna mannréttindabrota sem framin hafa verið í gegnum tíðina á stofnunum þar sem fatlað fólk og fólk með geðrænar áskoranir hefur verið vistað á vegum ríkisins.

Það er ekki nóg að tala um að geðheilbrigðismál séu í forgangi það þarf að setja þau í forgang og það verður ekki gert með óbreyttu fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2024. Horfum á nútímann með augum framtíðarinnar í stað þess að horfa á fortíðina með augum nútímans.